

# Skýrsla um innra mat

## Öxarfjarðarskóli



Júní 2022  
Öxarfjarðarskóli  
Norðurþing

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Ytra mat .....	4
Langtíma- og ársáætlun um innra mat.....	5
Stjórnun, fagleg forysta, foreldrasamstarf .....	6
Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf.....	9
Innra mat.....	12
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn.....	14
Umbótaáætlun skólaársins 2022 -2023.....	15

# Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á skólaárinu 2021-2022 .

1. Staða gagnvart ytra mati
2. Helstu matsþættir
  - Nám og kennsla og Uppeldis- og menntastarf
  - Stjórnun og fagleg forysta - Foreldrasamstarf - Skólabragur
  - Innra mat
  - Öðru má bæta við og leggja áherslu á á hverju ári eða reglulega
    - Sérstaða skólans
3. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Nú í lok skólaársins 2021-2022 er staðan þannig að nú er búið að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu, uppeldis- og menntastarf, skólabrag, foreldrasamstarf og innra mat. Hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsfólk skólans mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Allar upplýsingar um mat á skólastarfinu er að finna [hér á heimasíðu](#) skólans.

Matsteymi skólans 2021-2022 skipa:

Ann-Charlotte Fernholm, umsjónarkennari á yngra stigi

Elisabeth Hauge, leikskólakennari og deildarstjóri leikskóladeildar í Lundi,

Vigdís Sigvarðardóttir, umsjónarkennari yngsta stigs,

Kristján Ingi Jónsson, umsjónarkennari og kerfisstjóri.

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

# Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi grunnskólastigs í Öxarfjarðarskóla haustið 2019. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Viðfangsefni [umbóta í kjölfar ytra mats](#) er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Öxarfjarðarskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2020 í kjölfar ytra mats og nýrrar skólastefnu Norðurlands setti starfsfólk Öxarfjarðarskóla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Öviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

## Ekki til ytra mat á leikskólastigi Öxarfjarðarskóla

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

## Langtíma- og ársáætlun um innra mat

Veturinn 2021-2022 fundaði matsteymið á mánudögum einu sinni í mánuði með ráðgjafa frá Ásgarði skólaráðgjöf. Þess á milli var ýmis vinna tengd innra mati framkvæmd s.s. að leggja fyrir kannanir, eiga um niðurstöðurnar samtal og almennt að rýna saman sem og með öllu starfsfólki í gæðastarfs skólans. Hér á heimasíðu er virk [langtímaáætlun](#) innra mats.

Ársáætlun innra mats var í þróun en að mestu fylgt eftir. Hún verður uppfærð fyrir skólaárið 2022-2023 en má skoða [hér](#).

# Niðurstöður mats

## Stjórnun, fagleg forysta, foreldrasamstarf

1. Viðmið Öxarfjarðarskóla
  1. [Stjórnun og fagleg forysta-grunnskólastig](#)
  2. [Stjórnun-Leikskólastig](#)
  3. [Foreldrasamstarf](#)
  4. Markmið skólans - Að amk 90% þeirra þátta sem metnir eru séu grænir, flestir eða allir þættir sterkir. Að skólinn sé fagleg stofnun og stjórnun skilvirk og uppbyggjandi.
2. Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Skólanámskrá var endurskoðuð og þeirri vinnu lauk í júní 2022 þ.e.a.s almenna hlutanum. Sá hluti námskrárinnar sem snýr að námsvísi og kennsluáætlunum er ekki tilbúinn en er í vinnslu.

### 3. Niðurstaða

Mat var lagt á **starfsáætlun skólaársins 2021-2022** þar sem lagt var upp með 4-5 vikna lotur í samþættum þemaverkefnum sem hverri um sig myndi ljúka með kynningu. Það gekk ekki upp nema að einhverju leyti og þá er verið að tala um þrjú heildstæð verkefni sem þó gengu mjög vel upp, sérstaklega árshátíð skólans – söngleikurinn Shrek og þemaverkefnið “Betri heimabyggð”. Fyrsta heildstæða þemaverkefnið var tekið úr Námsgagnatorgi Ásgarðs og bar yfirheitið “Hver er ég”. Það var unnið þvert á árganga í skólanum og gekk misvel. Næsta stóra verkefni var undirbúningur árshátíðar með öllu því sem þarf til að setja saman svo stórt verkefni. Úr varð mikil og flott hátíð með tónlist og söng ásamt litríku sviði og flottum nemendum.

Nemendur eldri deildar tóku einnig þátt í verkefni sem bar yfirheitið „*Meningarkaffi*“. Verkefnið miðaði að því að nemendur fengu lönd til að kynna. Þau sem eru tvítyngd sáu um kynningu á sínu landi, menningu, listir, tölulegar / sturlaðar staðreyndir, talað mál og hefðir. Nemendur höfðu undirbúið veitingar, mat og kökur sem tengjast löndunum og buðu upp á smakk. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var því miður ekki hægt að bjóða foreldrum að koma inn í skólann og sjá afraksturinn en þess í stað fékk starfsfólk að njóta þess að fara á milli bása og skoða og meta vinnu nemenda. Síðasta stóra þemaverkefnið bar yfirheitið “*Betri heimabyggð*” sem lauk á svokallaðri

Vorgleði skólans þar sem nemendur skipuleggja hátíðina í samstarfi við kennara og foreldra sem aðstoða við matargerð. Á Vorgleði er boðið upp á þriggja rétta máltíð sem nemendur og foreldrar sjá um og nemendur kynna niðurstöður verkefna sinna sem tengdust þemaverkefninu. Einnig var Vorgleðin ígildi íbúapings þar sem gestir gátu sagt skoðun sína á því sem gott er og eins því sem betur má fara í sveitarfélaginu. Þessar niðurstöður verða sendar nýrri sveitarstjórn og sveitarstjóra.

Lagt var upp úr teymiskennslu sem gekk yfir höfuð vel í yngri deild en þar var hefð fyrir slíkri vinnu. Í eldri deild voru nokkrir hnökrar þar sem ekki allir voru á sömu línu og þar getur haft áhrif að umsjónarkennarar voru fjórir í mismiklu starfshlutfalli sem gerði erfiðara um vik en ella að koma saman teymisfundum um samráð, nám og kennslu. Þetta fyrsta teymiskennsluár má þó túlka sem framfaraspor þar sem kennarar lögðu sig fram um að samþætta verkefni eins og kostur var. Áframhald var á samstarfi milli Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla og gekk það vel þar sem markmiðið er að nemendur frá Raufarhöfn fái m.a. Tónlistarkennslu frá Tónlistarskóla Húsavíkur, sundkennslu, vinni að sameiginlegum og samþættum verkefnum með nemendum Öxarfjarðarskóla og efla félagsleg tengsl við nemendur þar.

**Skólanámskrá** var endurskoðuð og er almenni hluti hennar tilbúinn. Hins vegar gekk ekki nógu vel að koma námsvísi saman né heldur kennsluáætlunum í eitt og sama formið ásamt formlegu utanumhaldi um námsmat. Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig ber að framkvæma það og halda utan um en það er verkefni næsta skólaárs 2022-23 og fáum við til þess aðstoð frá skólaljónustu.

**Starfsþróunarsamtöl** voru haldin í mars 2022. Starfsmenn eru yfir höfuð ánægðir í starfi og líður vel en breytingar hafa alltaf áhrif og þar sem núverandi skólastjóri tók við stjórninni síðastliðið haust, fylgdu óhjákvæmilega breytingar og sjá má helstu niðurstöður sem tengjast stjórnun hér í samantekt

<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/konnun-a-lidan-i-mars-2022.pdf>



Stjórnun og fagleg forysta (grsk.)	Stjórnun (leiksk.)	Foreldrasamstarf (leiksk.)
Faglegt samstarf og samræða	Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Viðhorf foreldra
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Stjórnun og daglegur rekstur	-
Umbætur og innleiðingar breytinga	Faglegt samstarf	-
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Leikskólaþróun og símenntun	-
Starfsmanna- stjórnun og verkaskipting	-	-
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	-	-

**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

#### 4. Helstu umbætur næsta skólaárs

- Farið verður af stað í þriggja ára þróunarverkefni í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri í tengslum við teymiskennslu.
- Setja niður námsmatskerfi skólans, markvissar skráningar og utanumhald en stefnt er á að innleiða námsmatskerfi Ingva Hrannars Ómarssonar. Einnig í skoðun að halda utan um námsmat í Námsgagnatorgi Ásgarðs - Askinum í tengslum við þau þemaverkefni sem þar verða unnin.
- Gerð kennsluáætlana og námsvísis
- Vinna að starfsþróunaráætlun fyrir skólann sem snýr að breyttum starfsháttum er varða teymiskennslu og aukna samþættingu námsgreina, s.s. fleiri þemaverkefni þvert á árganga. Í því sambandi er skólinn kominn í þriggja ára samstarf við MSHA varðandi innleiðingu teymisvinnu/teymiskennslu.
- Taka upp nýtt samræmt skráningarkerfi fyrir námsárangur og hafa leiðsagnarmat í forgrunni.
- Koma námsmati og námsvísi í fast form.



# Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf

1. Viðmið Öxarfjarðarskóla\_
  1. [Nám og kennsla](#)
  2. [Uppeldis- og menntastarf](#)
  3. [Leikskólabragur](#)
2. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfspróunarsamtala. Lagðar voru fyrir á haustönn kannanir á námi, kennslu og líðan þar sem bæði nemendur og foreldrar tóku þátt.

## Nemendakönnun:

Það helsta sem fram kom í opnum spurningum hjá nemendum er að þeim finnst það besta við skólann vera samnemendur – félagsskapurinn. Nemendum virðist einnig líða almennt vel í skólanum. Ef þeir mættu einhverju breyta vildu flestir í eldri deildinni breyta deildaskipulagi í það sem áður var; yngri-, mið- og eldri deildir. Sjá nánari niðurstöður könnunarinnar á heimasíðu skólans.

Hér eru niðurstöður könnunar á líðan nemenda í yngri deild:

[http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/yngri\\_deild\\_desember2021\\_skifurit.pdf](http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/yngri_deild_desember2021_skifurit.pdf)

Hér eru niðurstöður könnunar nemenda í eldri deild:

[http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/eldri\\_deild\\_desember2021\\_skifurit.pdf](http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/eldri_deild_desember2021_skifurit.pdf)

## Foreldrakönnun:

Það ánægjulega er að foreldrar eru heilt yfir ánægðir með skólann og telja að börnunum sínum líði vel. Fram kom einnig í opnum spurningum að börnin fái gott aðhald og fái að stunda námið á sínum forsendum, fjölbreyttir kennsluhættir, góður andi og gleði. Það sem einna helst kemur fram að ekki sé nægilega gott, er að einhverjir fái ekki nægar upplýsingar frá skólanum, viti ekki hvað börnin eru að læra og viti ekki hvernig þeir geti haft áhrif á breytingar innan skólans. Leiðir til að hafa áhrif eru t.d. á opnum foreldrafundum sem haldnir eru á haustin. Þar er farið yfir starf vetrarins, stoðþjónusta kynnt sem og störf og hlutverk foreldrafélagsins. Þar er einnig kosið í skólaráð á tveggja ára fresti. Foreldrasamtöl sem haldin eru tvisvar á skólaári eru einnig mikilvægur samráðsvettvangur til að koma

gagnkvæmum upplýsingum og skoðunum á framfæri. Farið var af stað í breytingar í haust með teymiskennslu og öðruvísi skiptingu deildanna. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við menntavísindadeild Háskóla Íslands kom til okkar í vor með fyrirlestur og kynningu á teymiskennslu. Hún er talin skila betri námsárangri fyrir nemendur en ekki síður fyrir kennara sem vinna meira saman og bera sameiginlega ábyrgð á námi síns nemendahóps. Innleiðing á breytingum sem þessum getur tekið allt að 3-5 ár. Við höfum einnig verið að prófa okkur áfram með aukinni samþættingu námsgreina í þemavinnu og ætlum okkur að halda því áfram. Kennarar reyna að senda vikulega út pósta með upplýsingum um skólastarfið og það sem hæst ber hverju sinni.

Hér má sjá niðurstöður könnunar foreldra yngri deildar nemenda:

[http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/foreldrakonnun\\_yngri-deild\\_des\\_skifurit.pdf](http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/foreldrakonnun_yngri-deild_des_skifurit.pdf)

Hér eru niðurstöður könnunar foreldra nemenda í eldri deild:

[http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/eldri\\_deild\\_desember2021\\_skifurit.pdf](http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/eldri_deild_desember2021_skifurit.pdf)

Hér eru niðurstöður könnunar foreldra barna í leikskóladeild:

[http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/foreldrakonnun\\_leikskoli\\_nov21.pdf](http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/foreldrakonnun_leikskoli_nov21.pdf)

### **Starfsmannakönnun:**

Könnunin var lögð fyrir allt starfsfólk skólans í mars 2022 og tóku 16 manns þátt af 19. Helstu niðurstöður eru þær að starfsfólki líður alla jafna vel í vinnunni, starfsandi góður, starfslýsingar skýrar og traust ríkir á stjórn skólans. Enn fremur telur það góð samskipti ríkja og að tekið sé vel á málum sem upp koma. Það sem hins vegar kom ekki nægilega vel út var annars vegar öryggi og aðbúnaður í skólahúsnæðinu og er þar aðallega um að ræða slæma hljóðvist á leikskóla og í mötuneyti sem reyndar hefur verið reynt að bæta úr í vetur. Einnig ófullnægjandi vörumóttaka í mötuneyti og of lítil forstofa fyrir leikskólann vegna mikillar fjölgunar nemenda og þá mest árgamalla. Varðandi spurningar um símenntunaráætlun skólans og áhrif á gerð hennar, voru margir mjög óvissir enda er hvorki símenntunaráætlun né starfspróunaráætlun til og brýnt að bæta úr því á næsta skólaári. Ef til vill hefði verið heppilegra að skipta starfsmannakönnuninni í tvennt; annars vegar spurningar sem snúa að kennurum í leik- og grunnskóla og þeirra starfi og hins vegar spurningar sem snúa að öðru starfsfólki skólans.

Hér eru niðurstöður starfsmannakönnunar í mars 2022

<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2021-2022/konnun-a-lidan-i-mars-2022.pdf>

### 3. Niðurstaða

Í vetur vann matsteymið að innleiðingu gæðaviðmiða og mat skólann gagnvart þeim. Niðurstaðan var að matsteymið er búið að meta stöðuna eins og hún er í dag og huga að forgangsröðun í aðgerðum og ákveða umbætur.

Deildarnámskrá leikskólastigs var endurskoðuð með áherslu á útfærslu aðalnámskrár, skólastefnu Norðurþings og námssvið leikskólans. Búið er að gefa hana út og setja á heimasíðu skólans Niðurstaðan er að áætlanir eru sterkar en mikilvægt að vinna eftir þeim. <http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/deildarnamskra-leikskolastigs-oxarfjardarskoli-2022-2023.pdf>

Nám og kennsla (grsk.) -	Uppeldis- og menntastarf (leiksk.)	Leikskólabragur (leiksk.)
Inntak og námskrá	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning
Árangur náms	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna
Gæði kennslu	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara
Skipulag náms	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks
Námssvitund	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja
Ábyrgð og þátttaka	Mat á námi og velferð barna	

**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

#### 4. Helstu umbætur næsta skólaárs

- a. Greina betur gæði kennslu og afla gagna.
- b. Efla námsvitund nemenda.
- c. Efla ábyrgð og þátttöku nemenda kerfisbundið í skólastarfi skólans.
- d. Skýra hlutverk leikskólakennara
- e. Efla fagmennsku starfsfólks og áherslur á birtingarmynd leiðsagnarnáms í starfi.
- f. Gera ítarlegri umbótaáætlun í skýrslu um innra mat næsta vor.

### Innra mat

#### 1. Viðmið Öxarfjarðarskóla

- a. [Innra mat grsk. stig](#)
- b. [Innra mat leiksk.stig](#)

2. Gögn sem nýtt voru til að staðsetja skólann í innra mati eru gátlistar gæðaviðmiða sem eru í lið 1. sem og rýni matsteymis. Einnig hefur mikil vinna farið í að sinna umbótum í kjölfar ytra mats á grunnskólastigi 2019 en skólinn skilaði stöðu á þeim umbótum í janúar og er flestum nú lokið í júní 2022.

#### 3. Niðurstaða

Skólinn gerði ársáætlun og þrátt fyrir heimsfaraldur vegna Covid 19 gekk ágætlega að fylgja henni og margvísleg gögn hafa fengist til þess að skoða stöðu skólans gagnvart þeim viðmiðum sem lagt er upp með.

Matsteymið fór í gegnum innra matsþættina veturinn 2019-2020 og hefur nú í vor skannað þau aftur og uppfært stöðu sína sem er mun betri. Skipulagið er gott, gagnasöfnun gengið vel og nu er komin innra matskýrsla með umbótaáætlun sem verður kynnt og birt á heimasíðu skólans.

Innra mat grsk.	Innra mat leiksk.
Skipulag	Skipulag og viðfangsefni
Framkvæmd	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Umbætur	Opinber birting og umbætur

**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

# Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

## Grunnskólastig

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

## Leikskólastig

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

**LJOSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

# Umbótaáætlun skólaársins 2022 -2023

## Helstu umbætur næsta skólaárs

- Farið verður af stað í þriggja ára þróunarverkefni í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri í tengslum við teymiskennslu.
- Setja niður námsmatskerfi skólans, markvissar skráningar og utanumhald en stefnt er á að innleiða námsmatskerfi Ingva Hrannars Ómarssonar. Einnig í skoðun að halda utan um námsmat í Námsgagnatorgi Ásgarðs - Askinum í tengslum við þau þemaverkefni sem þar verða unnin.
- Gerð kennsluáætlana og koma þeim í fast form
- Koma námsmati og námsvísi í fast form.
- Vinna að starfsþróunaráætlun fyrir skólann sem snýr að breyttum starfsháttum er varða teymiskennslu og aukna samþættingu námsgreina, s.s. fleiri þemaverkefni þvert á árganga. Í því sambandi er skólinn kominn í þriggja ára samstarf við MSHA varðandi innleiðingu teymisvinnu/teymiskennslu.
- Taka upp nýtt samræmt skráningarkerfi fyrir námsárangur og hafa leiðsagnarmat í forgrunni.
- Greina betur gæði kennslu og afla gagna.
- Efla námsvitund nemenda.
- Efla ábyrgð og þátttöku nemenda kerfisbundið í skólastarfi skólans.
- Skýra hlutverk leikskólakennara
- Efla fagmennsku starfsfólks og áherslur á birtingarmynd leiðsagnarnáms í starfi.
- Gera ítarlegri umbótaáætlun í skýrslu um innra mat næsta vor.



## Lokaorð

Á þessari samantekt má sjá að margt hefur áunnist til betri vegar síðan ytra mats úttekt var gerð á skólanum árið 2019. Vinna við umbætur hefur verið í mismiklum mæli síðan þá en hefur þó skilað heilmiklum árangri og innra mat að færast í fastari skorður.

Þess ber að geta að undirrituð tekur við skólastjórn Öxarfjarðarskóla síðastliðið haust 2021 og þá inn í þessa umbótavinnu en um leið starfandi sem skólastjóri Grunnskóla Raufarhafnar, þannig að í mörg horn var að líta.

Eins og áður segir, erum við að sigla þessu í rétta átt en góðir hlutir gerast hægt. Þessi vinna mun nýtast starfinu í Grunnskóla Raufarhafnar og að mati undirritaðrar ekki þörf á að stofna nýtt innra mats teymi utan um þá vinnu þar.

Með nýjum stjórnanda verða óhjákvæmilega breytingar. Eins og fram hefur komið, var ákveðið að breyta kennslufyrirkomulagi í skólanum alfarið í teymiskennslu og deildum var fækkað í tvær. Einnig var tekin sú ákvörðun að vinna sem mest í samþættum verkefnum – þemavinnu – og höfum við aðgang að Ásgarði – Askinum sem inniheldur slík verkefni og kennarar geta aðlagð og gert að sínu. Okkar helstu áskoranir núna er að setja saman námsvísi fyrir skólaárið (er í vinnslu) og finna gott form fyrir utanumhald á skráningum á námsmati.

Ásgarður – ráðgjöf hefur verið okkur innan handar og leitt verkefnið áfram ásamt meðlimum matsteymisins og ber að þakka þeim fyrir aðstoðina. Við munum svo halda áfram að leiða skólann í gæðastarfi sem fellur að aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Norðurþings.

Hrund Ásgeirsdóttir  
Skólastjóri Öxarfjarðarskóla